Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/umsögn

Kópavogi, 14. nóvember 2023
23021113/103.02 EKB

Efni: Tillaga að afgreiðslu, styrkur til greiðslu fasteignaskatts

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2007 reglur um styrkveitingar til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Á grundvelli reglnanna var auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2023.

Leikfélag Kópavogs lagði fram umsókn um styrk vegna greiðslu fasteignaskatts. Lagt er til að hafna þeirri styrkbeiðni með vísan til 2. gr. reglna bæjarstjórnar Kópavogs um styrkveitingar til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts.

Skv. reglunum geta félög og félagasamtök sem eru fasteignaeigendur í Kópavogi sótt um styrk til greiðslu fasteignaskatts ef í húsnæðinu fer eingöngu fram starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótta-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi eða mannúðarstörf. Í 2. gr. reglnanna segir að ef umræddar fasteignir eru jafnframt notaðar til annarra nota en að framan greinir þá skuli styrkur veittur í réttu hlutfalli við slík not. Skilyrði er því að húsnæðið sé ekki notað til annarra nota, að öðrum kosti veitir Kópavogsbær styrk í réttu hlutfalli við þau not.

Þegar hluti húsnæðis er í fastri útleigu kemur sá hluti fasteignar til frádráttar við afgreiðslu umsókna og hlutfallslegur styrkur er veittur. Þegar hægt er að afmarka hluta húsnæðis við fasta útleigu er sá hluti fasteignar dregin frá og styrkur veittur í réttu hlutfalli við þann hluta húsnæðis þar sem starfsemi félagsins fer fram. Ef félag er með hluta af húsnæðinu í útleigu undir aðra starfsemi þá fæst m.ö.o. ekki styrkur fyrir þann hluta og hlutfall hans er dregið frá álögðum fasteignaskatti eignarinnar. Þannig getur t.a.m. verið um það að ræða að eign skiptist niður í fleiri fastanúmer og ef eitt þeirra í útleigu þá er það undanskilið styrk.

Þegar útleiga félags er ekki föst eða bundin við afmarkaðan og ákveðin hluta sem hægt er að undanskilja sérstaklega eru leigutekjur félagsins af fasteigninni dregnar frá álögðum fasteignaskatti og styrkur veittur fyrir mismuninum. Af þessu leiðir að forsenda fyrir styrkveitingu í þeim tilfellum er að álagður fasteignaskattur sé hærri en leigutekjur félags af fasteigninni.

Skv. ársreikningi Leikfélags Kópavogs voru leigutekjur vegna síðasta árs hærri en sem nemur álögðum fasteignaskatti á húsnæðið í ár og því ekki grundvöllur fyrir styrkveitingu. Þar sem umsókn félagsins féll ekki að reglum bæjarins um

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts var umsókn félagsins hafnað með tölvupósti þann 13. október sl. sem hefur nú farið fram á endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Undirritaðar vilja benda á að nokkur félög og félagasamtök í Kópavogi hafa fengið höfnun á styrk eða hlutfallslegan styrk síðustu ár og eru allar umsóknir afgreiddar með sama hætti. Umsóknir sem ekki uppfylla skilyrði fyrir styrk eru ekki lagðar fram til afgreiðslu í bæjarráði. Það er aðeins í þeim tilfellum sem umsóknir uppfylla skilyrði reglnanna fyrir styrk sem þær eru lagðar fram til staðfestingar í bæjarráði.

Má þannig nefna félag sem afgreitt var á þar síðasta fundi bæjarráðs samhliða Leikfélaginu. Það félag á fasteign sem skiptist í tvö fastanúmer, sótt var um styrk vegna þeirra beggja. Annað fastanúmerið inniheldur veislusal sem er leigður út og þar sem leigutekjur af honum voru hærri en álagður fasteignaskattur af þeirri eign þá fékkst enginn styrkur fyrir það fastanúmer í ár. Styrkur fyrir hinum eignarhlutanum fór hins vegar til afgreiðslu inn í bæjarráð á þar síðasta fundi. Þá má vekja athygli á því að í fyrra fékk þetta sama félag aðeins hlutfallslegan styrk sem nam mismuninum af álögðum fasteignaskatti og leigutekjum fyrir þetta sama fastanúmer, enda var álagður fasteignaskattur hærri en leigutekjur félagsins af eigninni. Félagið var upplýst um verklagið varðandi styrkbeiðninnar og hvaða áhrif leigutekjur hefðu á hana. Bæði árin fékk félagið þó fullan styrk vegna eignarinnar sem ekki var í útleigu undir aðra starfsemi. Með sama hætti fékk Leikfélag Kópavogs hlutfallslegan styrk í fyrra sem nam mismuninum á leigutekjum og álögðum fasteignaskatti eignarinnar, en fær nú höfnun þar sem leigutekjur af eigninni eru hærri en álagður fasteignaskattur húsnæðisins í ár. Þá má einnig nefna annað félag sem hefur til margra ára fengið styrk sem nemur einungis 78% af heildar fasteignaskatti eignar sinnar þar sem það félag er með afmarkaðan hluta fasteignar sinnar í fastri útleigu.

Synjun umsóknar Leikfélags Kópavogs fellur því fyllilega að fyrri fordæmum um afgreiðslu styrkbeiðna skv. reglum Kópavogsbæjar og þá leiðir jafnræðisregla stjórnsýslulaga til sömu niðurstöðu um að hafna ber styrkbeiðninni.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín Guðm.

Anna Kristín Guðmundsdóttir
Lögfræðingur

Eva Kolbrún Birgisd.

Eva Kolbrún Birgisdóttir
Fulltrúi bæjarlögmanns

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026